

Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2
800 Selfossi

Garðabær, 10. júní 2025
202505-0126/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Tillaga - Deiliskipulag - Jórvík 1, áfangi 2 og Björkurstykki III Sveitarfélagið Árborg.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar er barst þann 23. maí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Jórvík 2. áfanga og Björkurstykki III á Selfossi. Með erindinu fylgdi greinargerð dags. 7. apríl 2025.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið nær yfir samtals 46,4 ha svæði og er skipulagt sem íbúðarbyggð með leikskóla, verslun og þjónustu, auk grænna svæða og innviða. Skipulagssvæðið skiptist í tvo hluta: annars vegar Jórvík 2. áfanga (28,9 ha), sem liggur til suðurs frá núverandi byggð, og hins vegar Björkurstykki III (17,5 ha), sem tengir nýja byggð í Jórvík við Björkurstykki.

Samkvæmt greinargerð er lögð áhersla á vistvæna uppbyggingu og samþættingu við græn svæði. Deiliskipulagið fylgir 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 en fellur ekki undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat áætlana.

Áherslur og samantekt

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess eftirfarandi atriði verði tekin til sérstakrar skoðunar og úrvinnslu af hálfu sveitarfélagsins:

- Meti hvort og að hvaða marki vistgerðir á svæðinu falli undir verndarákvæði 61. gr. Náttúruverndarlaga (hraun og votlendi) (*deiliskipulag*)
- Leggi mat á áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf, einkum mófugla og ábyrgðartegundir (*deiliskipulag*)
- Greini verndargildi þeirra vistgerða sem koma fram í kortasjá Náttúrufræðistofnunar¹ og meti ástand þeirra á staðnum (*deiliskipulag*)
- Meti þörf fyrir mótvægisáðgerðir til verndar búsvæðum og vistkerfum (*deiliskipulag*)
- Setji sér skýra stefnu í skipulagsáætlunum um vernd og endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika (*aðalskipulag*)
- Móti markmið um vöktun, rannsóknir, endurheimt vistkerfa, vernd tegunda og viðbrögð við ógnum á borð við rýrnun búsvæða (*aðalskipulag*)

Hraun

Í greinargerð kemur fram að á skipulagssvæðinu sé víða grunnt niður á Þjósárhraun. Landið er flatt, vel gróið og einkennist af gömlu mólendi sem hefur verið nýtt til beitar.

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

Náttúruverndarstofnunar bendir á að Þjórsárhraun nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hins vegar kemur jafnframt fram í greinargerð með lögunum að hraun sem eru að öllu leyti huld jarðvegi og gróðri og ekki lengur greinanleg sem jarðmyndun hafi að öllu jöfnu glatað verndargildi sem slík.

Samkvæmt gögnum má telja að Þjórsárhraun innan skipulagssvæðisins falli ekki undir þá vernd, enda er hraunið ekki sýnilegt.

Fuglalíf og vistgerðir

Í greinargerð kemur fram að uppbygging á svæðinu sé ekki talin hafa áhrif á vistgerðir eða fuglalíf sem njóta verndar. Hins vegar eru engin gögn lögð fram sem styðja þessa niðurstöðu, ekki er greint frá fuglategundum á svæðinu né gerð grein fyrir vistgerðum eða verndarstöðu þeirra.

Náttúruverndarstofnun bendir á að skipulagssvæðið er hluti af hinu víðfeðma svæði sem kennt er við Suðurlandsundirlendi, sem Náttúrufræðistofnun hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði (VOT-S 3) með hliðsjón af fjölbreyttu fuglalífi og háu hlutfalli varpfugla á alþjóðlegum og landsbundnum mælikvarða.

Auk þess bendir stofnunin á að samkvæmt kortasjá² Náttúrufræðistofnunar samanstendur svæðið af eftirfarandi vistgerðum: língresis- og vingulsvist, snarrótarvist³ og víðikjarrvist⁴. Þessar vistgerðir geta verið mikilvægt búsvæði fyrir varpfugla, einkum mófugla. Samkvæmt viðmiðum

Náttúrufræðistofnunar um vistgerðaflokkun teljast þessar vistgerðir almennt til vistgerða með hátt til mjög hátt verndargildi, en mikilvægt er að meta nánar ástand þeirra á staðnum.

Þessi svæði geta verið mikilvæg búsvæði fyrir tegundir á borð við heiðlóu (*Pluvialis apricaria*), spóa (*Numenius phaeopus*), stelk (*Tringa totanus*) og jaðrakan (*Limosa limosa*), sem nýta gróið og opið land til varps, fæðuöflunar og hvíldar. Allar þessar tegundir eru svokallaðar ábyrgðartegundir á Íslandi, þ.e. hlutfallslega stór hluti alþjóðlegs stofns þeirra verpir hér á landi. Heiðlóa nýtur einnig verndar samkvæmt viðauka II við Bernarsamninginn um vernd villtra dýra og náttúrulegra búsvæða í Evrópu⁵.

Rannsóknir og vöktun hafa sýnt fram á að stofnstærð nokkurra þessara tegunda hefur dregist saman á undanförunum áratugum, einkum vegna búsvæðarasks, rýrnunar á votlendisvistgerðum og útpennslu byggðar⁶.

Í greinargerð með skipulagstillögunni er ekki að finna sérstakt mat á fuglalífi eða áhrifum framkvæmdarinnar á búsvæði fugla. Að mati stofnunarinnar þarf slík greining að fara fram áður en deiliskipulag verður samþykkt, þar sem ljóst er að framkvæmdin mun valda raski á stóru svæði.

Þá telur stofnunin mikilvægt að metið sé hvort og að hvaða marki þær vistgerðir sem fyrirfinnast á svæðinu falli undir verndarákvæði 61. gr. náttúruverndarlaga, þar sem slíkt mat liggur ekki fyrir í gögnum.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nema friðun hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Friðun tekur einnig til eggja og hreiðra. Í 2. mgr. 6. gr. sömu laga segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa

² <https://vistgerdakort.ni.is/>

³ <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/snarrotarvist>

⁴ <https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/vidikjarrvist>

⁵ <https://www.ni.is/is/midlun/forgangstegundir-fugla>

⁶ <https://moi.hi.is/is/mofuglar>

truflun. Þá ber að taka tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra við skipulag og landnotkun, sbr. lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Að mati stofnunarinnar ber að meta áhrif uppbyggingar á fuglalíf, með sérstaka áherslu á mófugla, og leggja mat á hvort skipulagið valdi skerðingu á varpskilyrðum. Einnig þarf að huga að tímabundnum áhrifum framkvæmdastigsins og að mótvægisáðgerðum eins og að framkvæmdir séu utan varptíma.

Niðurstöður

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í skipulagsáætlunum. Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu á náttúru.⁷

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.⁸⁹

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan¹⁰. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis og eyðingu ágengra tegunda, svo eitthvað sé nefnt.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Fróði Guðmundur Jónsson
sérfræðingur

⁷ <https://ust.is/Náttúruverndarstofnun/frettir/stok-frett/2022/12/12/Radstefna-adildarrikja-Sameinudu-thjodanna-um-liffraedilega-fjolbreytni-i-Montreal-i-Kanada/>

⁸ <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffraedileg-fjolbreytni-til-framtidar>

⁹ <https://ust.is/Náttúruverndarstofnun/frettir/stok-frett/2023/11/13/Liffraedilegum-fjolbreytileika-hrakar-i-Nord austur-Atlantshafi/>

¹⁰ <https://island.is/reglugerdir/nr/0090-2013>